

Ársskýrsla Mannréttindaskrifstofu Íslands
Útgefandi: Mannréttindaskrifstofa Íslands

Prentun: Leturprent
Kápumynd: Jafnrétti fyrir alla
Umbrot: Elín G. Einarsdóttir

© 2021 Mannréttindaskrifstofa Íslands

ISSN: 1670-8032

Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
AÐILDARFÉLÖG, STJÓRN OG FULLTRÚARÁÐ	3
Aðildarfélög og fulltrúar í stjórn og fulltrúaráði	3
FJÁRMÁL OG REKSTUR	4
Fjármál	4
Starfsmannamál og skrifstofuhald	4
Húsnæðismál	4
Bókasafnið	5
Heimasíða	5
STARFSEMIN INNANLANDS	6
Samstarfsverkefni	6
Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur	7
Samstarfsverkefni frh.	8
Aðstoð, upplýsingagjöf og fræðsla	9
Viðburðir	10
Samráðsfundir með stjórnvöldum	11
Ráðstefnur, málþing og fundir	11
ERLENT SAMSTARF	12
AHRI - The Association of Human Rights Institutes	12
Norrænt samstarf	14
Uppbyggingarsjóður EES	14
INNLENT SAMSTARF	16
Réttlætið í samfélaginu	16

INNGANGUR

framkvæmdastjóra



Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) var stofnuð á Þingvöllum þann 17. júní 1994 og er í dag samtök sextán félagasamtaka og stofnana sem vinna á einhvern hátt að mannréttindum. Nokkrar breytingar urðu á árinu þar sem aðildarfélögum skrifstofunnar fjölgaði. Jafnréttisstofa sagði sig frá aðild, umsóknir félagasamtakanna Solaris og Women in Iceland um aðild voru samþykktar.

Tilgangur MRSÍ er að vinna að framgangi mannréttinda með því að veita upplýsingar um mannréttindamál og stuðla að fræðslu og rannsóknum. Skrifstofan gegnir einnig eftirlitshlutverki gagnvart stjórnvöldum sem felst í umsögnum um lagafrumvörp og skýrslugerð fyrir eftirlitsnefndir Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðið. Þá kemur Mannréttindaskrifstofan fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi, m.a. AHRI, samtökum mannréttindastofnana í Evrópu og í norrænu samstarfi, auk þátttöku í alþjóðasamtökum er vinna að ákveðnum málefnum, s.s. UNITED, FIDH og OP-ESCR. Utanríkisráðuneytið hefur enn fremur falið MRSÍ að sinna hlutverki tengiliðar og upplýsingagjafa við samtök, félög og stofnanir í ríkjum sem njóta styrkja úr Uppbyggingarsjóði EES, og samsvarandi/hliðstæðar íslenskar stofnanir, samtök og félög.

Af umsögnum MRSÍ um einstök lagafrumvörp sem og í skýrslum til ýmissa alþjóðastofnana um stöðu mannréttinda á Íslandi, má ráða afstöðu skrifstofunnar til mannréttindamála. Skrifstofan hefur engin tengsl við stjórnmalaflokka eða stefnur og tekur ekki afstöðu til einstakra mála nema þau snerti mannréttindi sérstaklega.

Starfsemi skrifstofunnar var með óhefðbundnu sniði fyrir hluta árs eins og geta má nærri vegna COVID-19 en komst þó til fyrra horfst á sumarmánuðum. Mun minna var um málþing og fræðslu, þó meira en árinu áður

Hið árlega 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi fór aðeins fram í gegnum greinaskrif í fjölmiðla og dreifingu

þeirra á netinu og engir viðburðir, svo sem „Hönd í hönd“, voru haldnir í Evrópuviku gegn rasisma, en póstkortaherferð og greinaskrifum var við haldið. Lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur fór fram að stórum hluta í gegnum síma- og fjarfundabúnað fyrri hluta ársins.

Skrifstofan vann að og skilaði viðbótarskýrslu við skýrslu stjórnvalda til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna í samstarfi við ýmsa aðila og að gerð fræðslumyndbanda út frá sjónarhóli mannréttinda í samstarfi við Íslandsdeild Amnesty International. Þá skilaði skrifstofan einnig viðbótarskýrslu við skýrslu stjórnvalda um framkvæmd Istanbúlsamningsins, samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi, í samstarfi við fleiri félagasamtök.

Að venju var svarað fyrirspurnum og erindum frá einstaklingum og stofnunum, innlendum og erlendum þ.á m. frá sendiráði Bandaríkjanna og sendiherra ESB á Íslandi, umsögnum skilað um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur og samstarfi og samskiptum vegna Uppbyggingarsjóðs EES fram haldið. Þá annaðist skrifstofan lögfræðiráðgjöf fyrir réttindagæslumenn fatlaðs fólks samkvæmt samningi við Gæða- og eftirlitsstofnun á sviði félagsþjónustu og barnaverndar.

Mannréttindaskrifstofan átti og sæti í Velferðarvaktinni, sérfræðingahópi um mansal og undirhópi hans um forvarnir gegn mansali, viðbragðsteymi Bjarkarhlíðar vegna mansals, samráðshópi um konur frið og öryggi, starfshópi um endurskoðun mismununarkafla laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, vinnuhópi um endurskoðun búsetuskerðinga, teymi um málefni flóttamanna og teymi um málefni innflytjenda svo eitthvað sé nefnt.

Enn fremur hefur MRSÍ skapað sér virðingu og traust fjölmiðla og er leitað til hennar þegar mannréttindamál eru til umfjöllunar.

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastýra

AÐILDARFÉLÖG

stjórn og fulltrúaráð

Aðildarfélög, fulltrúar í stjórn og fulltrúaráði

Á aðalfundi 2021 voru allar stöður stjórnar lausar nema staða formanns. Margrét Pétursdóttir var kosin formaður 2020 og situr hún í tvö ár eða til aðalfundar 2022. Eftirfarandi er skipting í embætti annarra innan stjórnar:

Rut Einarsdóttir, varaformaður, Rachael Lorna Johnstone, gjaldkeri, Atli Viðar Thorstensen, ritari, og Alma Ýr Ingólfssdóttir, meðstjórnandi. Varamenn voru kosin þau Sveinn Rúnar Hauksson og Jóhanna K. Eyjólfssdóttir.

Fulltrúaráð Mannréttindaskrifstofunnar er eftir aðalfund skipuð eftirfarandi fulltrúum aðildarfélaga:

Amnesty International Íslandsdeild:

Aðalfulltrúi: Anna Lúðvíksdóttir

Varafultrúi: Jóhanna K. Eyjólfssdóttir

Barnaheill:

Aðalfulltrúi: Áslaug Björgvinsdóttir

Varafultrúi: Erna Reynisdóttir

Biskupsstofa:

Aðalfulltrúi: Arnór Bjarki Blomsterberg

Varafultrúi: Eva Björk Valdimarsdóttir

Háskólinn á Akureyri:

Aðalfulltrúi: Rachel Lorna Johnstone

Varafultrúi: Hrannar Hafberg

Háskólinn í Reykjavík:

Aðalfulltrúi: Margrét Einarsdóttir

Varafultrúi: Margrét Vala Kristjánsdóttir

Hjálparstarf kirkjunnar:

Aðalfulltrúi: Kristín Ólafsdóttir

Varafultrúi: Bjarni Gíslason

Kvenréttindafélag Íslands:

Aðalfulltrúi: Rut Einarsdóttir

Varafultrúi: Guðrún C. Emilsdóttir

Landssamtökin Geðhjálp:

Aðalfulltrúi: Sveinn Rúnar Hauksson

Varafultrúi: Grímur Atlason

Landssamtökin Proskahjálp:

Aðalfulltrúi: Anna Lára Steindal

Varafultrúi: Bryndís Snæbjörnsdóttir

Rauði kross Íslands:

Aðalfulltrúi: Atli Viðar Thorstensen

Varafultrúi: Nína Helgadóttir

Samtökin '78:

Aðalfulltrúi: Daníel Haukur Arnarsson

Varafultrúi: Þorbjörg Þorvaldsdóttir

Siðmennt - Félag siðrænna húmanista:

Aðalfulltrúi: Kristín Sævarsdóttir

Varafultrúi: Kristín Helga Schiöth

Solaris:

Aðalfulltrúi: Eva Dröfn Hassel Guðmundsdóttir

Varafultrúi: Helga Baldvins Bjargadóttir

UN Women á Íslandi:

Aðalfulltrúi: Stella Samúelsdóttir

Varafultrúi: Marta Goðadóttir

Women in Iceland:

Aðalfulltrúi: Marion Polives

Varafultrúi: Patience A Karlsson

Öryrkjabandalag Íslands:

Aðalfulltrúi: Þuríður Harpa Sigurðardóttir

Varafultrúi: Alma Ýr Ingólfssdóttir

FJÁRMÁL og rekstur

Fjármál

Samstarfssamningur við dómsmálaráðuneyti var endurnýjaður til fjögurra ára í árslok 2019 og var fjárframlag til skrifstofunnar tvöfaldað. Samstarfssamningur við utanríkisráðuneyti gildir út árið 2021 og þjónustusamningur við félagsmálaráðuneyti um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur var endurnýjaður til eins árs. Í september 2019 var gerður samningur við Gæða- og eftirlitsstofnun á sviði félagsþjónustu og barnaverndar um lögfræðiráðgjöf fyrir réttindagæslumenn fatlaðs fólks. Aðrar tekjur skrifstofunnar eru fyrst og fremst vegna styrkja til sérgreindra verkefna.

Starfsmannamál og skrifstofuhald

Framkvæmdastýra MRSÍ er Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur. Elín G. Einarsdóttir lögfræðingur er hinn starfsmaður skrifstofunnar. Um bókhald skrifstofunnar 2021 sá Hildur Agnarsdóttir bókarari. Að vanda barst fjöldi innlendra og erlendra starfsumsóknna og fyrirspurna um möguleika á starfsþjálfun. Seinnipart ársins 2021 opnaðist loksins glufa fyrir skrifstofuna að taka á móti erlendum starfsmönnum. Notið var liðsinnis tveggja ítalskra nema á sumarmánuðum og norskur starfsnemi dvaldi hjá skrifstofunni frá október til desember. eru þeim þökkuð vel unnin störf enda öll aðstoð vel þegin á litlum vinnustað.



Á vormánuðum kom íslenskur starfsnemi til liðs við skrifstofuna sem m.a. sá um Evrópuviku gegn rasisma og gekk átakið vonum framár.

Ennfremur fékk skrifstofan sumarstarfsmann í gegnum úrræði Vinnumálastofnunar þar sem nemum eða nýútskrifuðum nemum gafst kostur á vinna fyrir frjáls félagasamtök. Launin voru að mestu greidd af VMST, þó þurfti skrifstofan að greiða opinber gjöld.

Ráðningu sumarstarfsmannsins leiddi betur í ljós hversu mikið skrifstofuna vantar meira starfslíð.

Framkvæmdastýra og stjórn MRSÍ þakka starfsfólki og aðstoðarfólki einstaklega vel unnin störf á árinu og ánægjulegt samstarf.

Húsnæðismál

Mannréttindaskrifstofan hefur haft aðsetur á Hallveigarstöðum, Túngötu 14, frá september 2010. Húsnæðið hentar starfsemi skrifstofunnar að öllu leyti afar vel. Framkvæmdastýra og starfsfólk hafa eigin skrifstofur, og fundaraðstaða er góð.

Hallveigarstaðir eru sjálfseignarstofnun í eigu Bandalags kvenna í Reykjavík, Kvenfélagasambands Íslands og Kvenréttindafélags Íslands. Kvennasamtökin í landinu komu saman árið 1917, þegar Bandalag kvenna í Reykjavík var stofnað, og töldu konur þá nauðsynlegt að koma á laggirnar kvennaheimili fyrir kvennasamtök á landinu. Hallveigarstaðir eru fyrst og fremst aðsetur kvennasamtaka í landinu en að öðru leyti til styrktar menningar- og mannúðarstarfssemi, sem kvennasamtökin, þau er að eigninni standa, gangast fyrir.

Kvennaheimilið Hallveigarstaðir þar sem Mannréttindaskrifstofan er til húsa við Túngötu 14, 1. hæð í 101 Reykjavík.

Bæði staðsetning og aðgengi eru með besta móti og það fer mjög vel um starfsmenn skrifstofunnar enda húsnæðið rúmgott og bjart.

Bókasafnið

Þann 9. apríl 2015 afhenti MRSÍ Landbókasafni/ þjóðarbókhöðu bókasafn sitt að gjöf. Var það einkum gert í þeim tilgangi að það kæmi betur að notum þar sem afar lítið var um að leitað væri eftir bókum til útlána.

Heimasíða

Heimasíðu MRSÍ er ætlað að bæta og auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum um mannréttindamál. Árið 2014 var nýrri vefsíðu komið í upp og er efni hennar mun aðgengilegra en áður var. Slóðin er www.mannrettindi.is eða www.humanrights.is. Reglulega er bætt inn upplýsingum á heimasíðuna og uppfærðar þær upplýsingar sem þegar eru til staðar, s.s. á vefsetri um mannréttindi, en umsagnir skrifstofunnar til Alþingis og ráðuneyta eru settar jafnóðum inn á vefinn sem og skýrslur til alþjóðlegra eftirlitsaðila. Vefsetrið um mannréttindi inniheldur meðal annars greinar um ýmsa þætti mannréttinda, greinar um ákveðna samfélagshópa og réttindi þeirra, helstu alþjóðasamninga, efni frá Sameinuðu þjóðunum og dóma alþjóðlegra mannréttindadómstóla. Þá er einnig efni á síðunni úr alþjóðlega rannsóknarverkefninu Human Rights Education Project (HREP) auk almennra upplýsinga um mannréttindi á Íslandi og upplýsingasíður skrifstofunnar um 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi, Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti, PROGRESS-verkefni fyrri ára, Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Kvennasáttmála Sp og vefleikinn Flóttu. Vefurinn er uppfærður eftir því sem kostur er og á síðu Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti er t.d. safnað saman ýmsu fræðsluefni fyrir unglinga og börn um málaflokkinn.

Eftirfarandi rit eru aðgengileg á heimasíðu skrifstofunnar

- Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna
- Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna
- Bann við mismunun
- Mannréttindi í þrengingum
- Réttindi transgender fólks á Íslandi
- Hatursorðræða: yfirlit yfir gildandi lög og reglur - ábendingar til framtíðar

Á síðunni er einnig að finna skýrslu um hatursræðu og kynjahyggju á netinu, sem MRSÍ vann í samstarfi við Mannréttindastofnun Danmerkur og Umboðsmann jafnréttis og mismununar í Noregi. Þar er einnig að finna leiðbeiningar á ensku um hvernig eigi að haga viðtölum við innflytjendur með menningarfærni að leiðarljósi. Leiðbeiningarnar voru unnar í tengslum við ERASMUS verkefnið Bridge Builders sem MRSÍ tók þátt í ásamt Law for Life í Bretlandi og AVIJED í Frakklandi. Á síðunni má einnig finna útdrátt á ensku úr skýrslunni um hatursræðu og bækling um hatursræðu, „Ekki í lagi;“ ætlaðan unglingum og ungu fólki.

Á árinu 2021 bættust við fræðslumyndbönd sem MRSÍ og Amnesty International gerðu í sameiningu en þau fjalla um jafnrétti, réttindi barna og réttindi á vinnustað.

Vefsíðan er að meginstefnu á íslensku en þó er mikið efni einnig aðgengilegt á ensku síðunni. Stefnt er að því að vera með upplýsingar um skrifstofuna og lögfræðiráðgjöfina á fleiri tungumálum, s.s. pólsku, spænsku og rússnesku, og mun það koma inn eins fljótt og auðið er.



STARFSEMIN

innanlands



Samstarfsverkefni

JAFNRÉTTI FYRIR ALLA!

Mannréttindaskrifstofa Íslands gaf í samstarfi við Íslandsdeild Amnesty International út þrjú fræðslumyndbönd um mannréttindi og eru þau aðgengileg á sex tungumálum, íslensku, ensku, pólsku, spænsku, persnesku og arabísku. Verkefnið var fjármagnað af Amnesty International en hlaut einnig styrk frá félagsmálaráðuneytinu og ASÍ. Fjalla þau um jafnrétti, réttindi á vinnumarkaði og réttindi barna.

Markmiðið með myndböndunum er að veita flóttafólki og öðrum innflytjendum gagnlegar grunnupplýsingar um réttindi í þessum þremur málaflokkum í tengslum við íslenskt samfélag.

Myndböndin eru hluti verkefnis Mannréttindaskrifstofu Íslands um gerð fræðsluefnis fyrir flóttamenn og innflytjendur út frá sjónarhóli mannréttinda og verkefnis Íslandsdeildar Amnesty International Gagnkvæm aðlögun flóttafólks og eru myndböndin aðgengileg á slóðinni: <https://www.humanrights.is/is/raedsluefni-og-myndbond> inn á vef MRSÍ.



Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun, o.fl.). 151. löggjafarþing 2020 - 2021, Þingskjal nr. 1189 - 710. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um undirritun og fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum. 151. löggjafarþing 2020 - 2021. Þingskjal nr. 187 - 186. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda. 151. löggjafarþing 2020 - 2021. Þingskjal nr. 771 - 452. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um stjórnsýslu jafnréttismála. 151. löggjafarþing 2020 - 2021. Þingskjal nr. 15 - 15. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (umsáturseinelti). 151. löggjafarþing 2020 - 2021. Þingskjal nr. 133 - 132. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (bann við afneitun helfararinnar). 151. löggjafarþing 2020 - 2021. Þingskjal nr. 772 - 453. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 (raunleiðrétting). 151. löggjafarþing 2020 - 2021. Þingskjal nr. 778 - 458. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um kynjavakt Alþingis. 151. löggjafarþing 2020 - 2021, Þingskjal nr. 949 - 564. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála (réttarstaða brotápolara, fatlaðra og aðstandenda). 151. löggjafarþing 2020 - 2021. Þingskjal nr. 1197 - 718. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvörp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, lögræðislögum, nr. 71/1997, og barnalögum, nr. 76/2003 (bann við barnahjónabandi). 151. löggjafarþing 2020 - 2021. Þingskjöl nr. 432 - 347. mál.
- Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (mansal). 151. löggjafarþing 2020 - 2021. Þingskjal nr. 917 - 550. mál.

Samstarfsverkefni frh.

Skýrsla vegna allsherjarúttektar Sameinuðu þjóðanna á stöðu Mannréttinda á Íslandi, UPR

Á u.þ.b. fjögurra til fimm ára fresti fara Sameinuðu þjóðirnar fram á að aðildarríki skili heildarúttekt á stöðu mannréttindamála í landinu. Þriðja allsherjarúttekt Sameinuðu þjóðanna, eða UPR (Universal Periodic Review), fer fram árin 2021-2022 og skiluðu stjórnvöld sinni skýrslu í septembermánuði 2021.

Til viðbótar skilaði MRSÍ, í sameiningu við Barnaheill, Landsamtökin Þroskahjálp, Siðmennt og Kvennréttindafélag Íslands viðbótarskýrslu við skýrslu stjórnvalda vegna úttektarinnar eða svokallaðri skuggaskýrslu.

Skýrslunni er ætlað að gefa nefndinni óháð mat frjálsra félagasamtaka á framkvæmd stjórnvalda í mannréttindamálum hér á landi.



Réttindagæslumenn fatlaðs fólks

Skrifstofan sinnir ráðgjafarstarfi til handa réttindagæslumönnum fatlaðs fólks. Réttindagæslumenn fatlaðs fólks starfa í öllum landshlutum og er verkefni þeirra að fylgjast með högum fatlaðs fólks og aðstoða það við hvers konar réttindagæslu. Ráðgjöf skrifstofunnar felst í að funda með réttindagæslumönnum tvisvar í mánuði, að hið minnsta, og vera þeim innan handar þess á milli ef þess þarf.

Sigurhæðir

Þann 20. mars tóku Sigurhæðir til starfa en um er að ræða þriðju miðstöðina fyrir þolendur ofbeldis sem MRSÍ er samstarfsaðili að og tekur þátt í að stofna. Sigurhæðir eru staðsettar á Selfossi og standa öll sveitarfélög á Suðurlandi að þeim auk MRSÍ, Kvennaráðgjöfinni, Lögreglunni á Suðurlandi og fleirum. Er skrifstofan þess fullviss að Sigurhæðum mun vegna vel og veita þolendum ofbeldis ráðgjöf, þjónustu og stuðning.

Bjarkarhlíð

Mannréttindaskrifstofa Íslands hélt áfram að veita lögfræðiráðgjöf til þeirra sem leituðu til Bjarkarhlíðar, miðstöðvar fyrir brotþola ofbeldis. Sinnir skrifstofan lögfræðiráðgjöfinni ásamt Kvennaráðgjöfinni.

Umtalsverð aukning er á aðsókn milli ára og ljóst er að mikil þörf var á úrræði sem þessu.

Þá á skrifstofan aðalmann í framkvæmdastjórn miðstöðvarinnar sem fundar tvisvar í mánuði.



Bjarmahlíð

Bjarmahlíð er miðstöð fyrir brotþola ofbeldis sem staðsett er á Akureyri, einskonar systur miðstöð Bjarkarhlíðar. Bjarmahlíð tók formlega til starfa 10. maí 2019 og er samstarfsverkefni ellefu aðila, svo sem Mannréttindaskrifstofunnar, Kvennaráðgjafarinnar, Samtaka um kvænnaathvarf, félagsmálaráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins, svo dæmi séu nefnd.

Hlutverk skrifstofunnar innan Bjarmahlíðar er að veita lögfræðiráðgjöf ásamt Kvennaráðgjöfinni en hún stendur skjólstaðingum Bjarmahlíðar til boða eftir þörfum. Þjónustan hefur farið vel af stað og má sjá að vöntun var á úrræði sem þessu á Norðurlandi.



Skýrsla vegna úttektar Evrópuráðsins á forvörnum og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi á Íslandi, GREVIO

MRSÍ, Kvenréttindafélag Íslands, Samtök um kvennaathvarf og Stígamót skiluðu í sameiningu viðbótarskýrslu við skýrslu stjórnvalda um framkvæmd Istanbúlsamningsins, samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi.

Istanbúlsamningurinn var samþykktur á vettvangi Evrópuráðsins 11. maí 2011 og undirritaður af íslenskum stjórnvöldum sama dag. Samningurinn var loks fullgiltur þann 26. apríl 2018. Á grundvelli samningsins skila stjórnvöld inn skýrslum um framkvæmd Istanbúlsamningsins hér á Íslandi og var þeirri skýrslu skilað inn í september á þessu ári.

GREVIO nefnd Evrópuráðsins (Group of Experts on Action against Violence against Women and Domestic Violence) hefur það hlutverk að meta framkvæmd stjórnvalda á forvörnum og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi á Íslandi. Finna má viðbótarskýrsluna inn á vefsíðu skrifstofunnar: www.humanrights.is.

Aðstoð, upplýsingagjöf og fræðsla

Að vanda var mikið leitað til skrifstofunnar af einstaklingum, nemum, sendiráðum, fjölmiðlum og stofnunum eftir upplýsingum um mannréttindamál. Í ljósi þess að heimsfaraldurinn var ekki á mikilli niðurléi líkt og alheimurinn vonaðist eftir þá var tekin sú ákvörðun að halda áfram að veita upplýsingar- og ráðgjöf í gegnum síma eða fjarfundabúnað í upphafi árs. Þó reyndu starfsmenn skrifstofunnar að taka á móti eins mörgum og mögulegt var. Allt gekk þetta vel og tók fólk almennt vel í það.

En ef stiklað er á stóru þá fengu áhugakonur um málefni flóttafólks fræðslu á vegum skrifstofunnar, starfsmaður MRSÍ hélt fræðslu fyrir starfskonur Bjarkarhlíðar og starfskonur Kvennaathvars fengu einnig fræðslu frá MRSÍ. Ný ráðgjafarstofa fyrir innflytjendur, New in Iceland, fékk fræðslu um hin ýmsu málefni svo sem almenn réttindi og hvernig stofna eigi fyrirtæki svo eitthvað sé nefnt. Ráðgjafastofan beinir allri lögfræðiráðgjöf til skrifstofunnar.

Enn fremur var mikil aðsókn eftir starfsnámi erlendis frá, líkt og verið hefur síðustu ár, en líkt og gefur að skilja hefur ekki verið hægt að taka á móti öllum þeim sem óska eftir á meðan að heimsfaraldurinn geisar. Það opnaðist þó fyrir það á seinnihluta ársins og var tekið á móti þremur starfsmönnum, tveimur ítölskum námsmönnum og einum frá Noregi. Stóðu þau sig öll með þrýði og voru mikil búbót fyrir lítinn vinnustað svo sem MRSÍ er.

Ný tækifæri (New opportunity)

Fulltrúar MRSÍ tóku þátt í alþjóðlegu verkefni á vegum Erasmus+, sem styrkt var af Evrópusambandinu. Ásamt MRSÍ tóku félagasamtök frá Tékklandi, Rúmeníu, Spáni, Póllandi, Grikklandi, Litháen og Króatíu þátt.

Tilgangur verkefnisins var að finna lausnir á þörfum og vandamálum hjá ungu fólki með hjálp tengslaneta. Stefnt er að því að hvetja til samtenginga, tengslamyndunar og styrkingar borgaralegs samfélags til þess að geta skapað gæðalausnir í samræmi við þarfir og þróun ungs fólks en að auki til þess að þróa nýjar lausnir sem geta bætt stöðu ungs fólks í Evrópu. Fór verkefnið fram í bænum Pirovac í Króatíu og gekk vonum framar.



Viðburðir

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

MRSÍ hélt utan um 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi líkt og síðustu ár og tók þátt í framkvæmd og skipulagningu þess. Átakið er alþjóðlegt átak gegn kynbundnu ofbeldi sem rekja má aftur til ársins 1991. Stendur átakið yfir frá 25. nóvember, alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags. Var tímabil þetta valið til að tengja á táknrænan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Markmið átaksins er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis.

Ljóst er að áhrif heimsfaraldurs Covid-19 á kynbundið ofbeldi eru veruleg, rannsóknir sýna að samhliða þeirri félagslegu einangrun sem átt hefur sér stað í þessum faraldri þá hefur kynbundið ofbeldi farið vaxandi um allan heim. Ofbeldi verður því minna sjáanlegt en það hverfur ekki, heldur færast inn á heimilin. Enginn getur litið fram hjá þeim staðreyndum um kynbundið ofbeldi sem við blasa. Með átakanu var því hvatt til opinnar og hispurlausrar umræðu sem leiðar til vitundarvakningar meðal almennings og frekari aðgerða í kjölfarið.

Átakið í heild sinni var rafrænt en greinar birtust þó einnig í prentaðri útgáfu Fréttablaðsins.

Allar almennar upplýsingar um 16 daga átakið sem og átak síðustu ára má finna á heimasíðu MRSÍ, www.humanrights.is og á facebook síðu átaksins, www.facebook.com/16dagar.



Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti var haldin að vanda dagana 16. - 22. mars 2021. Líkt og annað á árinu var átakið með talsvert öðru sniði en vant er. Viðburðir um gjörvalla Evrópu voru að öllu leyti rafrænir og snerust að mörgu leyti um Covid19 tengdar umræður. Alþjóðleg yfirskrift vikunnar var „United 4 humanity“ eða „Sameinumst fyrir mannkynið“. Á Íslandi var þó haldið við þá yfirskrift sem verið hefur síðustu ár eða „Hönd í hönd“ og er hönnuður vörumerkisins Arna Rún Gústafsdóttir.

MRSÍ hélt utan um skipulagningu vikunnar 2021 líkt og síðustu ár í samstarfi við ýmis félagasamtök víðsvegar um landið. Meðal annars tóku Rauði Kross Íslands, Bandalag íslenskra skáta og Ungliðahreyfing Rauða Krossins þátt í Evrópuvikunni.

Markmið verkefnisins var sem endranær að fræða ungmenni um kynþáttamisrétti og einnig að fræða þau um hvernig þau geti upplýst aðra um hinar ýmsu hliðar kynþáttamisréttis, hvernig sporna megi við því, o.s.frv. Verkefninu sjálfu „Hönd í hönd“, þar sem nemendur og starfsfólk takast höndum saman umhverfis byggingar til að fagna fjölbreytileikanum, var slegið á frest að þessu sinni. Jafnframt skrifuðu ungmenni persónuleg póstkort sem send voru til handahófsvalinna Íslendinga líkt og verið hefur síðustu ár. Skilaboðin voru skrifuð sem hvatning til samstöðu gegn kynþáttafordómum og var viðtakendum boðið að taka þátt í þeirri samstöðu með því að taka mynd af sér með skilaboðunum undir millumerkinu #hondihond.

Póstkortíð er hannað af Örnun Rún Gústafsdóttur



Samráðsfundir með stjórnvöldum

Framkvæmdastýra var á árinu 2021 fulltrúi MRSÍ í ýmsum nefndum og vinnuhópum sem starfa á vegum ríkisins, líkt og verið hefur. Má þar nefna Velferðarvaktina og sárafátæktarhóp hennar, starfshópi IV um endurskoðun ákvæða jafnréttislaga er taka til mismununar á grundvelli kyns, samráðshóp um aðgerðir gegn mansali og annarri hagnýtingu og vinnuhópi um forvarnir gegn mansali, vinnuhópi um lokað úrræði fyrir útlendinga, sérfræðingahóp MARK og ályktunar 1325 o.fl.

Mannréttindaskrifstofan tekur einnig þátt í samstarfi um Bjarkarhlíð og Bjarmahlíð, miðstöðvar fyrir brotaþola ofbeldis og á sæti í stjórn beggja og á einnig sæti í framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar. Þá er hún einnig aðili að Sigurhæðum, sem er nýjasta viðbótin í miðstöðvar fyrir brotaþola.

Framkvæmdastýra situr einnig m.a. í teymi um málefni innflytjenda, viðbragðsteymi Bjarkarhlíðar vegna mansals, teymi um málefni flóttamanna, vinnuhópi um endurskoðun búsetuskerðinga og tengslaneti umboðsmanns barna svo eitthvað sé nefnt.

Ráðstefnur, málþing og fundir

Stafræn málþing MRSÍ

Á árinu stóð MRSÍ fyrir röð stafrænna hádegismálþinga sem öll hverfðust um áskoranir í COVID-19 faraldrinum. Margir framsögumenn komu fram frá aðildarfélögum skrifstofunnar og fjölluðu um hvaða áhrif faraldurinn hafi haft á starfsemi þeirra og þá sem til þeirra leita, sérstaklega með tilliti til einstakra hópa, svo sem barna, lífeyrisþega o.s.frv. Þóttu málþingin heppnast afar vel og má finna upptökur af þeim á netmiðum skrifstofunnar.

Mannréttindaping

Mannréttindaskrifstofa Íslands stóð fyrir Mannréttindapingi þann 4. september sem haldið var í Öskju, sal Háskóla Íslands. Fjórir framsögumenn fluttu þar erindi, Helga Baldvins Bjargardóttir fjallaði um Mannréttindamenningu: Hvað einkenni menningu þar sem mannréttindi séu virt, María Árnadóttir flutti erindi um réttarstöðu brotaþola og fór yfir úrbætur á íslensku réttarkerfi, því næst fjallaði Tryggvi Rúnar Brynjarsson um Guðmundar- og Geirfinnssmálið og hét erindi hans Ríkisofbeldi. Að lokum flutti Margrét Steinarsdóttir samantekt frá hádegismálþingum MRSÍ varðandi áskoranir í COVID-19 faraldrinum.

Erindin voru áhugaverð og fræðandi og sköpuðust fínar umræður í lok þingsins með pallborðsumræðum, var pallborðið skipað af fulltrúum jaðarsettra hópa. Var svo boðið upp á veitingar að þingi loknu.

Þinginu var streymt til þeirra sem ekki sáu sér fært að mæta og má einnig finna upptöku af því á meðfylgjandi slóð: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/laus-storf-a-starfatorgi/auglysing/?id=26044>

Fundir

Á árinu sátu starfsmenn MRSÍ hina ýmsu fundi, ráðstefnur og málþing, allt í þeim tilgangi að auka þekkingu og miðla reynslu þeirra sérfræðinga sem á skrifstofunni starfa.

Má þar nefna fund um heiðurstengt ofbeldi á Íslandi, rafrænan fund um hatursglæpi og „social control“, netrúðstefnu um mansal og ýmsa aðra viðburði sem sóttir voru ýmist á netinu eða á staðnum, þar á meðal viðburði tengda Uppbyggingarsjóði EES. Líkt og gefur að skilja var þó mun minna um staðfundi, ráðstefnur og málþing heldur en árin fyrir heimsfaraldurinn. Rafrænu viðburðirnir eru þó farnir að sækja í sig veðrið og eru líklega komnir til að vera.

Þá stóð MRSÍ, ásamt 23 öðrum félagasamtökum, að sameiginlegri áskorun til íslenskra stjórnvalda að fullgilda samning Sameinuðu Þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum.

ERLENT samstarf

MRSÍ er meðlimur í samtökum mannréttindastofnana á Norðurlöndum, samtökum mannréttindastofnana (AHRI) og samtökum er berjast fyrir framgangi viðauka við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi um kæruleið fyrir einstaklinga (OP-ESCR). Skrifstofan er meðlimur í UNITED samtökunum er berjast gegn kynþáttamisrétti og einnig í ESC-net sem vinnur að framgangi efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda. Þá er skrifstofan meðlimur í FIDH, alþjóðlegum samtökum er vinna að mannréttindum á breiðum grunni.

The Association of Human Rights Institutes (AHRI)

MRSÍ er einn af stofnendum AHRI og var þáverandi framkvæmdastýra MRSÍ fyrsti stjórnarformaður samtakanna.

Stjórnarformaður AHRI er Dr Thomas Gammeltoft-Hansen, forstöðumaður rannsóknardeildar dönsku mannréttindastofnunninnar.

Eftirfarandi 50 stofnanir eiga nú aðild að AHRI:

1. Belgrade Centre for Human Rights, Serbía
2. Centre for Human Rights, University of Pretoria, Suður Afríku
3. Human Rights Consortium, School of Advanced Study, University of London, Bretlandi
4. Centre for the Study of Global Ethics, University of Birmingham, Bretlandi
5. Centre for the Study of Human Rights, London School of Economics and Political Science, Bretlandi
6. Chr. Michelsen Institute, Noregi
7. Danish Institute for Human Rights, Danmörku
8. Erik Castrén Institute of International Law and Human Rights, University of Helsinki, Finnlandi
9. European Inter-University Centre for Human Rights and Democratisation, Venice-Lido, Ítalíu
10. European Training- and Research Centre for Human Rights and Democracy, Graz, Austurríki
11. German Institute for Human Rights, Þýskalandi
12. Human Rights and Globalization Research Group, University of Seville, Spáni
13. Human Rights and Social Justice Research Institute, London Metropolitan University, Bretlandi
14. Human Rights Centre, University of Essex, Bretlandi
15. Human Rights Centre, Queen's University, Belfast, Northern Ireland, Bretlandi

Mannréttindaskrifstofa Íslands er m.a. meðlimur á breiðum grunni, og AHRI - the Association of Human Rights Institutes, en skrifstofan er einnig einn stofnenda UNITED samtakanna sem berjast gegn kynþáttamisrétti, FIDH, alþjóðlegra samtaka sem vinna að mannréttindum þeirra samtaka.



16. Human Rights Law Centre, University of Nottingham School of Law, Bretlandi
17. UNESCO Chair in Human Rights, University of Luxembourg, Lúxemborg
18. Human Rights Programme at the University of Sydney, Ástralíu
19. Newcastle Forum for Human Rights and Social Justice, Newcastle Law School, University of Newcastle, Bretlandi
20. Mannréttindaskrifstofa Íslands, Íslandi
21. Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Íslandi
22. Institute for Human Rights, Åbo Akademi University, Finlandi
23. Institute of Human Rights, Catholic University of Leuven, Belgíu
24. Institute of Human Rights, University of Latvia, Lettlandi
25. Interdepartmental Centre on Human Rights and the Rights of Peoples, University of Padua, Ítalíu
26. Irish Centre for Human Rights, National University of Ireland, Galway, Írlandi
27. Ludwig Boltzmann Institute of Human Rights, Austurríki
28. Maastricht Centre for Human Rights, Maastricht University, Faculty of Law, Hollandi
29. Netherlands Institute of Human Rights (SIM), University of Utrecht, Hollandi
30. Norwegian Centre for Human Rights, University of Oslo, Noregi
31. Pedro Arrupe Institute of Human Rights, University of Deusto, Bilbao, Spáni
32. Poznan Centre for Human Rights, Polish Academy of Sciences, Póllandi
33. Raoul Wallenberg Institute of Human Rights and Humanitarian Law, Lund, Svíþjóð
34. Swiss Centre of Expertise in Human Rights, Bern, Sviss
35. The Research Group Law and Development, University of Antwerpen, Belgíu
36. Riga Graduate School of Law, Lettlandi
37. Transitional Justice Institute, University of Ulster, Jordanstown/Magee, Bretlandi
38. University of Zürich Competence Centre for Human Rights, Sviss
39. Crucible Centre for Human Rights, Roehampton University, Bretlandi
40. Czech Center for Human Rights and Democratization (CCHRD), Tékklandi
41. The Human Rights Program of the Legal la e Department, Central European University, Ungverjalandi
42. Centre for the Study of Human Rights Law, the University of Strathclyde, Bretlandi
43. Human Rights Implementation Centre, The University of Bristol, Bretlandi
44. Centre for Human Rights, Ghent University, Belgíu
45. Leuven Centre for Global Governance Studies, K.U. Leuven, Belgíu
46. The Centre on Human Rights in Conflict, University of East London, Bretlandi
47. School of Global Studies, Univeristy of Gothenburg, Svíþjóð
48. Research Centre Human Rights, University of Vienna, Austurríki
49. Human Rights Centre, Durham Law School, Englandi
50. Human Rights Research and Education Centre,



AHRI

Norrænt samstarf

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum, sem áður nefndist Norræna rannsóknanetið, var formlega stofnaður í janúar 2002. Skólanum hefur tekist að festa sig vel í sessi undir ötulli forystu Martins Scheinin. Þar á að kortleggja rannsóknir, sem verið er að vinna að á Norðurlöndum á sviði mannréttinda og koma á fjögurra ára þverfaglegu doktorsnámi sem verði skipulega uppbyggt og strangar kröfur gerðar um vísindaleg vinnubrögð. Sérstök áhersla er lögð á norræn sjónarmið og norræn verkefni, en einnig alþjóðleg og þá sérstaklega verkefni sem tengja Norðurlönd umheiminum. MRSÍ er, ásamt níu öðrum félögum, meðeigandi skólans.

Uppbyggingarsjóður EES

Uppbyggingarsjóður EES (áður Þróunarsjóður EFTA) var stofnaður af EFTA ríkjum þremur, Íslandi, Noregi og Lichtenstein, í þeim tilgangi að vinna gegn efnahags- og félagslegum mismun í þeim ríkjum sem aðstoðina þiggja.

Eitt af markmiðunum með sjóðnum er að efla samvinnu og skapa tengsl milli ríkja Evrópu. Samstarf á milli landa færir öllum aðilum aukna þekkingu og kunnáttu, hvort sem um er að ræða styrkþega eða styrkveitanda. Því er sérstaklega hvatt til þess að samtök í styrkþega ríkinu leiti eftir því að finna sér samstarfsaðila í einu af styrkveitendaríkjum þremur.

Samkvæmt samstarfssamningi við utanríkisráðuneytið er MRSÍ tengiliður Íslands við frjáls félagasamtök í styrkþegaríkjunum sem leita íslenskra samstarfaðila í verkefni sem styrkt eru af Active Citizen's Fund hluta sjóðsins og veitir samtökum jafnt í aðildarríkjum sem styrkþegaríkjum ráðgjöf og upplýsingar.

Fulltrúi MRSÍ sat nokkra fundi í utanríkisráðuneyti vegna Uppbyggingarsjóðsins en auk þess voru eftirfarandi viðburðir sóttir, flestir á netinu:

Tengslamyndunarviðburður í Lettlandi.

MRSÍ tók þátt í tengslamyndunarviðburði sem haldinn var af lettneskum félagasamtökum þann 26. janúar í verkefni á vegum Uppbyggingarsjóðs EES. Á slíkum viðburðum er áhersla lögð á að tengja saman félagasamtök, víðsvegar að, með mögulega á samvinnu í huga. Viðburðurinn var rafrænn að þessu sinni.

ACF undirbúningsfundur í Póllandi

Þann 5. febrúar sat framkvæmdastýra MRSÍ undirbúningsfund á vegum Active Citizen fund í Póllandi þar sem farið var yfir komandi verkefni og umsóknir í sjóðinn. Fundurinn var rafrænn eins og flestir alþjóðlegir fundir þessi misserin.



Tengslamyndunarfundur í Rúmeníu

Framkvæmdastýra tók þátt í stafrænum tengslamyndunarfundi þann 23. febrúar sem haldinn var í Rúmeníu í tengslum við Uppbyggingarsjóð EES. Flutti hún erindi um hlutverk MRSÍ gagnvart Uppbyggingarsjóðnum og um starfsemi skrifstofunnar almennt. Þá kynntu Rúmenarnir verkefni sitt sem hverfðist um staðbundnar þróunaráætlanir.

Vinnufundur í Grikklandi

MRSÍ tók þátt í vinnufundi þann 8. mars, sem Grikkir stóðu fyrir vegna verkefnis í Active Citizen fund. Hann var rafrænn að þessu sinni. Kynnt var starfsemi og hlutverk MRSÍ ásamt frjálsra félagasamtaka á Íslandi.

Málþing í Tékklandi

Þann 23. mars flutti framkvæmdastýra erindi á rafrænu málþingi sem haldið var af umsjónaraðila Active Citizens fund í Tékklandi. Þar fór framkvæmdastýra yfir almenn mannréttindamál á Íslandi og gerði grein fyrir störfum skrifstofunnar.

Undirbúningsfundur í Póllandi

Framkvæmdastýra tók þátt í stafrænum undirbúningsfundi þann 20. maí sem haldinn var í Póllandi í tengslum við Uppbyggingarsjóð EES. Flutti hún erindi um hlutverk MRSÍ gagnvart Uppbyggingarsjóðnum og um starfsemi skrifstofunnar almennt. Fjallaði hún og um starfsemi frjálsra félagasamtaka á Íslandi ásamt því að gefa yfirlit yfir helstu

samtök starfandi á hverjum vettvangi, svo sem hvað varðar réttindi fatlaðs fólks, aldraðra, hinsegin fólks, barna o.s.frv.

Tengslaráðstefna í Litháen

MRSÍ tók þátt í rafrænni tengslaráðstefnu í Litháen, þann 26.-27. maí, sem haldinn var af Active Citizen Fund þar sem leitast var eftir að finna samstarfsaðila í verkefni sem styrkt eru af Uppbyggingarsjóði EES.

Tengslamyndunarfundur í Lettlandi

Framkvæmdastýra tók þátt í stafrænum tengslamyndunarfundi þann 8. desember sem haldinn var í Lettlandi í tengslum við Uppbyggingarsjóð EES. Flutti hún erindi um hlutverk MRSÍ gagnvart Uppbyggingarsjóðnum og um starfsemi skrifstofunnar almennt. Fjallaði hún og um starfsemi frjálsra félagasamtaka á Íslandi ásamt því að gefa yfirlit yfir helstu samtök starfandi á hverjum vettvangi fyrir sig.

Málþing í Króatíu

Framkvæmdastýra tók þátt í starfrænu málþingi þann 27. október. Flutti framkvæmdastýra erindi og fór þar yfir hlutverk skrifstofunnar ásamt því að sitja undir svörum að erindi loknu.



INNLENT samstarf


Réttlætið í samfélaginu

Guðbrandsstofnun í samstarfi við MRSÍ, ASÍ og ÖBÍ stóðu að ráðstefnu um réttlætið í samfélaginu. Ráðstefnan var haldin á Hólum í Hjaltadal þann 21.-22. október. Var dagskráin afar áhugaverð og voru mælendur frá ýmsum sviðum samfélagsins, allt frá jaðarsettum hópum, verkaliðsfélögum, fræðasamfélaginu svo eitthvað sé nefnt. Í kjölfar erindanna fóru fram líflegar umræður sem áhugavert var að hlýða á. MRSÍ útvegaði þrjá kveikjuhöfunda sem fluttu erindi fyrir hönd skrifstofunnar. Það voru þau Sabine Leskopf sem fjallaði um hvort samfélagið væri fyrir alla, Haukur Guðmundsson sem fjallaði um hvort rétt væri gefið, þ.e. efnahagslegt réttlæti og Þorbjörg I. Jónsdóttir sem fjallaði um hvort farið væri í manngreinaralit er varðaði réttlæti og stéttir.


Fréttamaður Fréttablaðsins sat ráðstefnuna og skrifaði um efni hennar að ráðstefnu lokinni.



Henry Alexander Henrysson
Heimspekingurinn Henry Alexander Henrysson opnaði og lokaði ráðstefnunni á heimspekilegum nótum.



Haukur Guðmundsson
Podcast höfundurinn Haukur Guðmundsson var einn af kveikjuhöfundum MRSÍ, hann flutti erindi um mannréttindi fatlaðra



Þorbjörg I. Jónsdóttir
Lögmaðurinn Þorbjörg I. Jónsdóttir, annar kveikjuhöfunda MRSÍ, flutti erindi um dómstólasýsluna og gang mála þar inni.



Sabine Leskopf
Borgarfulltrúinn Sabine Leskopf, þriðji kveikjuhöfundur MRSÍ, flutti erindi um réttindi erlendra kvenna.